

LÖG

um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,40	18.000–18.999	15,38
5.000–5.999	6,80	19.000–19.999	16,56
6.000–6.999	7,35	20.000–20.999	17,44
7.000–7.999	7,72	21.000–21.999	18,45
8.000–8.999	8,06	22.000–22.999	19,61
9.000–9.999	8,42	23.000–23.999	20,55
10.000–10.999	8,94	24.000–24.999	21,47
11.000–11.999	9,27	25.000–25.999	22,52
12.000–12.999	10,08	26.000–26.999	23,52
13.000–13.999	10,80	27.000–27.999	24,57
14.000–14.999	11,64	28.000–28.999	25,61
15.000–15.999	12,53	29.000–29.999	26,66
16.000–16.999	13,53	30.000–30.999	27,70
17.000–17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar, sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilólíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2002.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. laganna sem öðlast gildi 11. febrúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. laganna tekur gildi 11. febrúar 2001. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 2001, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laganna. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.